

24 göngu, eða að minnsta kosti einkanlega, ætlaðir ungum mönnum, sem komnir eru yfir 11. febr. fermingaraldur; í öðru lagi, að skólarnir eiga að standa undir stjórn sýslunefndanna eða skólastjórnar, sem þær hafa kosið; í þriðja lagi, að tilsögn ber að veita í öllum þeim námsgreinum, sem nefndarálitid telur upp undir 1.—9. tölulið; og í fjórða lagi loksins að skólarnir eru ætlaðir stórum umdæmum, sem að miklu leyti falla saman við sýslurnar.

Að því er kemur til þess 2000 króna styrktarfjár, sem barnaskólum er ætlað árlega, er það tilgangur minn, að skipta þessum styrk fyrst um sinn í 200 króna upphæðir, þar til er það kemur í ljós, hvað margir barnaskólar sækja um hlutdeild í styrktarfje þessu.

Þar sem það skilyrði er sett í fjárlögunum fyrir veitingu landssjóðs-styrks eftir hvorum þessum staflað fyrir sig, að skólar þeir, er hlut eiga að máli, njóti annars styrks, er að minnsta kosti nemi helmingi á móts við landssjóðs-styrkinn, þá er það vitaskuld, að þetta verður að skilja um styrk til skólahaldsins árlega, en ekki um framlög til skólahúss-reisingar, útbúnaðar þess o. s. frv., svo sem bórnarbrjef það, er hjer um ræðir, virðist að gjöra ráð fyrir.

Jeg óska að stíptsyfirvöldin tjái mjer þóknanlegar tillögur sínar um málið í heild sinni, og mun jeg síðan gjöra út um beiðni þá, er hjer liggur fyrir.

25 — Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um göngu Barðastrandarpóstsins. — 13. febr. Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi frá 11. þ. m. skal hjer með samþykkt breyting sú á göngu Barðastrandarpóstsins, að hann fari á vesturleið sinni frá Brjámslæk beint að Bíldudal, og snúi þaðan aptur að Brjámslæk og Bø um Vatneyri á Patreksfirði, og skal pósturinn dvelja sólarhring á þessum verzlunarstað í hvert skipti.

Breyting þessi öðlast gildi í þeirri póstferð, er samkvæmt auglýsingu frá 29. apríl 1881 á að hefja frá Reykjavík til Ísafjarðar 8. maí þ. á.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

26 — Brjef landshöfðingja til biskups um að leggja niður kirkju. — 13. febr. Sóknarnefndin í Krossholts-kirkjusókn hefir sótt um það og hjeradsfundur Snæfellsness- og Hnappadals-prófastsdæmis í einu hljóði samþykkt, að Krossholtskirkja verði niður lögð, og hafið þjer, herra biskup, í brjefi 10. þ. m. lagt það til, að jeg staðfesti samþykkt þessa. Samkvæmt 4. gr. laga 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla veiti jeg því nú leyfi til:

1. að Krossholtskirkja verði lögð niður, þó með því skilyrði, að eigandi hennar setji fyrst veð fyrir greiðslu prestsmötu þeirrar til sóknarprests Hítarnesþinga, sem á kirkju-eigninni hvílir;
2. að af bøjum þeim, er hingað til hafa heyrt undir Krossholts-sókn, verði bæirnir sunnan Hítará: Skiphylur, Einholt og Litli-Kálfalækur, lagðir til Akarakirkju; en bæirnir utan Hítará: Hítarnes, Krossholt, Jörvi, Flesjustaðir og Brúarhraun, lagðir til Kolbeinsstaðakirkju;
3. að sjóður Krossholtskirkju, ásamt andvirði kirkjuhússins og þess ornamentis og